

Afkoma Straums-Burðaráss fjárfestingabanka hf. á fyrri helmingi ársins 2008
Hagnaður samstæðu eftir skatta 20,8 milljónir evra*

Helstu niðurstöður fyrri árshelmings 2008

- Hagnaður eftir skatta nam 20,8 milljónum evra. Hagnaður fyrir skatta nam 4,3 milljónum.
- Rekstrartekjur námu 81,5 milljónum evra.
- Tekjur af þjónustu við viðskiptamenn, þ.e. hreinar vaxtatekjur og hreinar þóknunartekjur, jukust um 12,0% miðað við sama tímabil árið 2007 og námu 103,8 milljónum evra.
- Tap af fjárfestingum nam 25,1 milljón evra.
- Rekstrarkostnaður nam 62,0 milljónum evra.
- Kostnaðarhlutfall tímabilsins var 76,1%.
- Hagnaður á hlut nam 0,002 evrum.
- Arðsemi eigin fjár var 2,7%.
- Heildareignir í lok tímabilsins námu 6,2 milljörðum evra, sem er 12,7% minna en í ársbyrjun.
- Eignir í stýringu námu 1,4 milljörðum evra í lok tímabilsins.
- Eiginfjárlutfall (CAD) var 25,4% í lok tímabilsins. Eiginfjárbáttur A var 23,2%.
- Lausafjárstaða bankans er sterk og er bankinn fjármagnaður í meira en 365 daga.

Helstu niðurstöður annars ársfjórðungs 2008

- Tap eftir skatta nam 1,4 milljónum evra. Tap fyrir skatta nam 20,2 milljónum.
- Rekstrartekjur námu 15,3 milljónum.
- Tekjur af þjónustu við viðskiptamenn námu 49,8 milljónum; þar af voru hreinar vaxtatekjur 23,9 milljónir og hreinar þóknunartekjur 25,9 milljónir.
- Tap af fjárfestingum nam 36,0 milljónum.
- Rekstrarkostnaður hélt áfram að lækka og nam 26,9 milljónum.
- Tekjuskattur var jákvæður um 18,7 milljónir; þar af nemur einkisleysiðrétting 10,6 milljónum.

* Gengi fyrir hagnað/tap er meðalgengi ISK/EUR á fyrri hluta ársins: 109,14. Gengi fyrir efnahagsreikning er ISK/EUR í lok tímabilsins: 124,30

William Fall, forstjóri Straums

“Okkur hefur tekist að stýra bankanum í gegnum erfiða tíma með því að koma okkur upp stöðugum tekjustofnum þrátt fyrir óróa á mörkuðum, standa vörð um fjárhagslegan styrk bankans, verja lausafjórðöðuna, draga úr áhættu og skera niður kostnað. Á sama tíma höfum við haldið áfram að efla starfsemi og leita nýrra tækifæra. Tap af tilteknum fjárfestingum á öðrum ársfjórðungi er áminning um hve þýðingarmikið var auka breiddina í starfsemi bankans eins og gert hefur verið. Og það getur ekki yfirsýgt þann árangur sem við höfum náð í þeim efnunum, eins og birtist í því að tekjur af þjónustu við viðskiptamenn á fyrri helmingi ársins jukust um 12% á milli ára.”

Lykiltölur

Milljónir evra	H1 2008	H1 2007	Q2 2008	Q1 2008	Q4 2007
Tekjur af þjónustu við viðskiptamenn*	103,8	92,7	49,8	53,9	59,8
Rekstrartekjur	81,5	240,7	15,3	66,2	56,5
Rekstrarkostnaður	(62,0)	(42,3)	(26,9)	(35,1)	(46,7)
Hagnaður fyrir skatta	4,3	191,0	(20,2)	24,4	1,4
Hagnaður	20,8	163,4	(1,4)	22,3	(0,6)
Kostnaðarhlutfall (%)	76,1	17,6			
Hagnaður á hlut (evrum)	0,002	0,017			
Arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli (%)	2,7	23,8			
Eiginfjárlutfall (CAD) (%)	25,4	28,4			

*Samtala hreinna vaxtatekna og hreinna þóknunartekna.

Nánari upplýsingar veita:

Stephen Jack
Fjármálastjóri
stephen.jack@straumur.net
+44 7885 997570

Georg Andersen
Forstöðumaður Samskipta- og markaðssviðs
georg.andersen@straumur.net
+354 858 6707

Rekstrarreikningur

<i>Milljónir evra</i>	Q2 2008	Q1 2008	Q4 2007*	Q3 2007*	Q2 2007*
Hreinar vaxtatekjur	23,9	23,2	23,0	26,3	8,4
Hreinar þóknunartekjur	25,9	30,8	36,8	21,3	42,9
Gengishagnaður	(36,0)	10,9	(4,4)	(31,8)	101,7
Aðrar tekjur	1,5	1,4	1,1	17,0	(4,8)
Rekstrartekjur	15,3	66,2	56,5	32,8	148,2
Laun og launatengd gjöld	(15,2)	(19,8)	(23,2)	(22,5)	(14,9)
Annar rekstrarkostnaður	(11,7)	(15,3)	(23,5)	(7,4)	(15,1)
Rekstrarkostnaður	(26,9)	(35,1)	(46,7)	(29,9)	(30,0)
Virðisrýrnun	(8,0)	(7,4)	(8,5)	(4,3)	(4,5)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	(20,2)	24,4	1,4	(1,4)	113,6
Skatttekjur (gjöld)	18,7	(2,2)	(2,0)	1,6	(19,4)
Hagnaður (tap)	(1,4)	22,3	(0,6)	0,2	94,2
Hagnaður hluthafa	(2,8)	21,1	1,3	1,8	90,3
Hlutdeild minnihluta	1,4	1,2	(1,9)	(1,6)	3,9
Hagnaður á hlut (evrur)	0,00	0,002	0,00	0,00	0,010

*eQ varð hluti af samstæðunni í júní 2007 og Wood í október 2007.

Hagnaður

Hagnaður Straums fjárfestingabanka á fyrri helmingi ársins 2008 var 4,3 milljónir evra fyrir skatta, samanborið við 191,0 milljón á sama tímabili árið 2007. Hagnaðurinn eftir skatta nam 20,8 milljónum, samanborið við 163,4 milljónir á sama tímabili 2007. Hagnaður hluthafa var 18,3 milljónir og hagnaður á hlut 0,002 evrur.

Á öðrum ársfjórðungi varð 20,2 milljóna tap fyrir skatta, samanborið við 24,4 milljóna hagnað á fyrsta ársfjórðungi. Eftir skatta nam tapið á öðrum ársfjórðungi 1,4 milljónum, samanborið við 22,3 milljóna hagnað á fyrsta ársfjórðungi. Hinn mikli munur á hagnaði fyrir og eftir skatta á öðrum ársfjórðungi skýrist af einkisleiðréttingu að fjárhæð 10,6 milljónir sem einkum lýtur að áður bókfærðri tekjuskattsskuldbindingu vegna söluhagnaðar af hlutabréfum á Íslandi.

Rekstrartekjur

Rekstrartekjur námu 81,5 milljónum evra á fyrri helmingi ársins, samanborið við 240,7 milljónir á sama tímabili árið 2007, en þá voru bæði áherslur í starfsemi bankans og aðstæður á mörkuðum afar frábrugðnar því sem nú er. Tekjur af þjónustu við viðskiptamenn námu 103,8 milljónum á tímabilinu, sem er 12% hækkun á milli ára. Rekstrartekjur á öðrum ársfjórðungi námu 15,3 milljónum, samanborið við 66,2 milljónir á fyrsta ársfjórðungi. Tekjur af þjónustu við viðskiptamenn námu 49,8 milljónum á öðrum ársfjórðungi, samanborið við 53,9 milljónir á fyrsta ársfjórðungi.

Hreinar vaxtatekjur námu 47,1 milljón evra á fyrri helmingi ársins, samanborið við 19,5 milljónir á fyrri helmingi ársins 2007. Breytingin skýrist af því að auknar vaxtaberandi eignir vógu upp aukinn fjármögnunarkostnað bankans og gott betur. Hreinar vaxtatekjur hafa aukist á öllum starfssvæðum bankans, mest þó á hinum Norðurlöndunum. Hreinar vaxtatekjur á öðrum ársfjórðungi námu 23,9 milljónum, sem er svipað og á fyrsta ársfjórðungi. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu hreinna vaxtatekna eftir landsvæðum.

Hreinar vaxtatekjur

<i>Milljónir evra</i>	H1 2008	H1 2007	Q2 2008	Q1 2008	Q4 2007
Ísland	17,5	7,8	5,8	11,7	6,4
Önnur Norðurlönd	11,7	2,7	5,3	6,4	6,7
Bretland	6,8	2,9	4,3	2,5	3,2
Mið-Austur Evrópa	0,7	0,8	0,3	0,4	-
Önnur lönd	10,4	5,3	8,3	2,1	6,7
Samtals	47,1	19,5	23,9	23,2	23,0

Hreinar þóknunartekjur námu 56,7 milljónum evra á á fyrri helmingi ársins, samanborið við 73,2 milljónir á sama tímabili árið 2007. Hreinar þóknunartekjur á öðrum ársfjórðungi námu 25,9 milljónum, sem er 16% minna en á fyrsta ársfjórðungi. Breytingin endurspeglar í senn erfið skilyrði á mörkuðum og það að þóknunartekjur eru jafnan sveiflukenndar. Eftirfarandi töflur sýna skiptingu hreinna þóknunartekna eftir tegund og landsvæðum.

Hreinar þóknunartekjur eftir tegund

Milljónir evra	H1 2008	H1 2007	Q2 2008	Q1 2008	Q4 2007
Eignastýring	3,4	1,1	2,0	1,4	2,4
Sölutryggingar	16,1	7,2	6,9	9,1	7,3
Fyrirtækjaráðgjöf	22,4	44,6	9,8	12,6	20,6
Verðbréfamiðlun	14,8	20,3	7,3	7,6	6,5
Samtals	56,7	73,2	25,9	30,8	36,8

Hreinar þóknunartekjur eftir landsvæðum

Milljónir evra	H1 2008	H1 2007	Q2 2008	Q1 2008	Q4 2007
Ísland	9,7	34,7	7,7	2,1	13,1
Önnur Norðurlönd	24,3	22,3	10,9	13,4	14,4
Bretland	10,2	11,3	2,0	8,2	2,8
Mið-Austur Evrópa	11,8	4,1	5,7	6,1	5,2
Önnur lönd	0,6	0,8	(0,3)	0,9	1,3
Samtals	56,7	73,2	25,9	30,8	36,8

Gengishagnaður var neikvæður um 25,1 milljón evra á fyrri helmingi ársins, samanborið við 147,7 milljóna hagnað á sama tímabili árið 2007. Á öðrum ársfjórðungi varð 36 milljóna gengistap, samanborið við 10,9 milljóna hagnað á fyrsta ársfjórðungi. Eftirfarandi töflur sýna skiptingu gengishagnaðar eftir tegund og landsvæðum.

Gengishagnaður eftir tegund

Milljónir evra	H1 2008	H1 2007	Q2 2008	Q1 2008	Q4 2007
Arður	2,6	24,3	2,5	0,1	4,3
Veltufjáreignir	(24,8)	101,5	(16,4)	(8,4)	(39,6)
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	(19,8)	40,9	(24,1)	4,7	13,7
Hreinn gjaldeyrishagnaður	16,5	(19,0)	2,0	14,5	17,2
Samtals	(25,1)	147,7	(36,0)	10,9	(4,4)

Gengishagnaður eftir landsvæðum

Milljónir evra	H1 2008	H1 2007	Q2 2008	Q1 2008	Q4 2007
Ísland	1,7	40,7	(4,2)	5,9	(1,6)
Önnur Norðurlönd	(6,4)	89,0	(13,9)	7,5	(1,4)
Bretland	(12,5)	1,0	2,3	(14,8)	(0,6)
Mið-Austur Evrópa	(3,3)	17,7	(13,2)	9,9	(0,6)
Önnur lönd	(4,5)	(0,7)	(6,8)	2,3	(0,2)
Samtals	(25,1)	147,7	(36,0)	10,9	(4,4)

Erfiðar markaðsaðstæður komu niður á fjárfestingum sem ráðist var í á vegum Eigin viðskipta og voru þær seldar á öðrum ársfjórðungi með 41,3 milljóna tapi. Ráðist hefur verið í endurskipulagningu á Eigin viðskiptum, skipt hefur verið um stjórnendur og fjárfestingarheimildir hafa verið þrengdar umtalsvert. Það vóg upp á móti tapi af fjárfestingum Eigin viðskipta að hagnaður varð af veltufjáreignum Fjárfestingarsviðs, Fjárstýringar og Markaðsviðskipta. Hins vegar var bókfært virði nokkurra fjáreigna fært niður á öðrum ársfjórðungi til samræmis við þróun markaðsverðs. Munar þar mestu um lækun á virði eignarhlutar bankans í Netia um 16,8 milljónir og í Landsbankanum um 9,6 milljónir. Þrátt fyrir sveiflur á öðrum ársfjórðungi breyttist gengi íslensku krónunnar gagnvart evru aðeins um 4% á fjórðungnum og er gjaldeyrishagnaður ekki umtalsverður á því tímabili.

Aðrar tekjur námu 1,5 milljónum á öðrum ársfjórðungi og tengjast þær aðallega útseldri tölvuþjónustu á vegum eQ.

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður bankans nam 62,0 milljónum evra á fyrri helmingi ársins, samanborið við 42,3 milljónir á sama tímabili 2007. Breytingin endurspeglar aukin umsvif bankans. Kostnaðarhlutfall tímabilsins var 76,1%. Rekstrarkostnaður á öðrum ársfjórðungi nam 26,9 milljónum, sem er umtalsvert minna en næstu tvo ársfjórðunga á undan. Undirliggjandi kostnaðargrunnur er nú í jafnvægi. Lækkun á milli ársfjórðunga endurspeglar lægri árangurstengdar greiðslur.

Laun og launategd gjöld námu 35,0 milljónum á fyrri helmingi ársins, samanborið við 19,6 milljónir á sama tímabili 2007, sem endurspeglar fyrst og fremst umtalsverða fjölgun starfsmanna. Annar rekstrarkostnaður nam 27,0 milljónum á tímabilinu, samanborið við 22,7 milljónir á sama tímabili 2007. Þróunin á milli fyrsta og annars ársfjórðungs var með þeim hætti að laun og launategd gjöld lækkuðu úr 19,8 milljónum í 15,2 milljónir og annar rekstrarkostnaður lækkaði úr 15,3 milljónum í 11,7 milljónir.

Virðisrýrnun

Virðisrýrnun útlána nam 15,5 milljónum evra á fyrri helmingi ársins, samanborið við 7,4 milljónir á sama tímabili 2007. Færslur þessar leiða af ársfjórðungslegu endurmati á útlánasafni bankans sem beinist að lánum sem talið er að kunni að fara í vanskil eða tapast að einhverju leyti. Virðisrýrnun á öðrum ársfjórðungi var lítið breytt frá næstu tveimur fjórðungum á undan. Framlag á afskriftareikning nam 2,04% í lok tímabilsins.

Skattar

Tekjuskattur á fyrri helmingi ársins var jákvæður um 16,6 milljónir en um 18,7 milljónir á öðrum ársfjórðungi. Í báðum þessum tölum felst einskisleiðrétting að fjárhæð 10,6 milljónir á áður bókfærðri tekjuskattsskuldbindingu vegna söluhagnaðar hlutabréfa á Íslandi, sem ekki þarf lengur að safna upp í kjölfar breytinga sem orðið hafa á lögum. Alþingi samþykkti síðastliðið vor tvær lagabreytingar sem skipta máli í þessu sambandi; annars vegar lækkun á tekjuskattshlutfalli fyrirtækja úr 18% í 15% og hins vegar heimild til fyrirtækja að draga söluhagnað af hlutabréfum frá tekjustofni. Bróðurparturinn af einskisleiðréttingunni er vegna síðarnefndu laganna. Sjá nánar í skýringu 14 með árshluta-reikningnum.

Efnahagsreikningur

Milljónir evra	30.06.08	31.12.07		31.03.08	31.12.07
Handbært fé	892,0	1.427,2	Veltufjárskuldir	184,9	101,8
Veltufjáreignir	541,7	1.056,4	Innlán frá lánastofnunum	84,8	34,5
Veðsettar eignir	597,2	211,9	Innlán frá viðskiptamönnum	1.034,2	1.233,7
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	1.044,7	923,9	Lántaka	3.026,5	3.778,5
Útlán	1.973,7	2.411,3	Víkjandi lán	98,9	113,6
Fjáreignir til sölu	339,0	339,0	Tekjuskattur til greiðslu	9,1	26,8
Fjárfesting í tengdum félögum	8,9	11,1	Tekjuskattsskuldbinding	9,0	2,4
Rekstrarfjármunir	22,5	21,7	Aðrar skuldir	234,9	277,0
Óefnislegar eignir	499,0	500,7	Skuldir	4.682,3	5.568,4
Tekjuskattsinnæign	24,1	0,5	Eigið fé hluthafa	1.504,9	1.557,9
Aðrar eignir	258,1	233,2	Hlutdeild minnihluta	13,7	10,6
			Eigið fé	1.518,6	1.568,5
Eignir	6.200,9	7.136,9	Skuldir og eigið fé	6.200,9	7.136,9

Eignir

Eignir bankans í lok tímabilsins námu 6.200,9 milljónum evra, samanborið við 7.136,9 milljónir í lok árs 2007 og 7.998,3 milljónir þann 31. mars 2008. Lækkunin frá 31. mars skýrist einkum af sölu á eignum, aðallega skuldabréfum, að fjárhæð 2,1 milljarður evra sem keyptar höfðu verið á vegum Eigin viðskipta á fyrsta ársfjórðungi.

Handbært fé nam 892,0 milljónum evra í lok tímabilsins, samanborið við 1.427,2 milljónir í lok árs 2007. Lækkunin endurspeglar neikvætt sjóðsstreymi á tímabilinu, sem má að hluta rekja til kaupa á fjáreignum fyrir reiðufé og að hluta til minnkandi innlána.

Veltufjáreignir og veðsettar eignir (sem eru í raun veltufjáreignir fjármagnaðar með endurhverfum samningum) námu samtals 1.138,9 milljónum í lok tímabilsins, samanborið við 1.268,3 milljónir í lok árs 2007. Er hér um að ræða skuldabréf að fjárhæð 706,5 milljónir, hlutabréf að fjárhæð 231,8 milljónir og afleiður að fjárhæð 200,7 milljónir. Sambærileg samtala í lok fyrsta ársfjórðungs var 3.268,0 milljónir. Lækkunin á milli fjórðunga er því umtalsverð og skýrist hún að mestu leyti af því að seld voru skuldabréf sem keypt höfðu verið á fyrsta ársfjórðungi.

Fjáreignir tilgreindar á gangvirði námu 1.044,7 milljónum evra í lok tímabilsins, samanborið við 923,9 milljónir í lok árs 2007. Bankinn jók við stöðu sína í pólska fjarskiptafyrirtækinu Play á fjórðungnum, í gegnum Novator One.

Skráð hlutabréf sem færð eru til bókar sem veltufjáreignir, veðsettar eignir, fjáreignir tilgreindar á gangvirði eða fjáreignir til sölu, voru alls að verðmæti 328 milljónir evra í lok tímabilsins eða sem samsvarar um 29% af eiginfjárgrunni bankans. Í árslok 2007 nam verðmæti skráðra hlutabréfa 480 milljónum eða 41% af eiginfjárgrunni. Eftirfarandi tafla sýnir fimm stærstu stöður bankans í skráðum hlutabréfum í lok tímabilsins.

Skráð milljónir evra

Röð	Fyrirtæki	Fjárhæð	Land	Atvinnugrein
1	Netia	132	Pólland	Margvísleg fjarskiptaþjónusta
2	Landsbanki Íslands	53	Ísland	Viðskiptabanki
3	Net Entertainment	25	Svíþjóð	Hótel, veitingahús og afþreying
4	Hungarian Telephone & Cable	21	Ungverjaland	Margvísleg fjarskiptaþjónusta
5	Funkom N.V.	15	Ungverjaland	Hugbúnaðargerð

Óskráð hlutabréf í lok tímabilsins voru alls að verðmæti 535 milljónir evra eða 48% af eiginfjárgrunni bankans. Um er að ræða aukningu frá því í árslok 2007, þegar óskráð hlutabréf voru að verðmæti 415 milljónir eða 35,1% af eiginfjárgrunni. Eftirfarandi tafla sýnir fimm stærstu stöður bankans í óskráðum hlutabréfum í lok tímabilsins.

Óskráð milljónir evra

Röð	Fyrirtæki	Fjárhæð	Land	Atvinnugrein
1	Play (áður P4)	253	Pólland	Práðlaus fjarskipti
2	Novator Pharma Holding 1 hf.	80	Alþjóðlegt	Lyfjafyrirtæki
3	Novator Credit Fund	19	Alþjóðlegt	Margvísleg fjármálaþjónusta
4	Boreas Capital Fund	18	Alþjóðlegt	Margvísleg fjármálaþjónusta
5	Altima Global	15	Alþjóðlegt	Margvísleg fjármálaþjónusta

Útlán námu 1.973,8 milljónum evra í lok tímabilsins, samanborið við 2.411,3 milljónir í árslok 2007. Hlutur bankans í fyrirtækjalánasjóðnum Alpstar fór niður fyrir 50% á fyrsta ársfjórðungi og er hann því ekki lengur hluti af efnahagsreikningi bankans. Þetta leiddi til þess að útlánasafnið minnkaði um 576 milljónir. Frá lokum fyrsta ársfjórðungs til loka annars ársfjórðungs óx útlánasafnið hins vegar um 63,9 milljónir. Er sá hóflegi vöxtur í takt við stefnu bankans um markvissa nýtingu á efnahagsreikningnum.

Fjáreignir til sölu námu 339 milljónum evra í lok tímabilsins, sem er sama fjárhæð og í árslok 2007 en 64 milljónum hærri en við lok fyrsta ársfjórðungs. Skýrist sú breyting einkum af kaupum á skuldabréfum og hlutabréfum.

Óefnislegar eignir námu 499 milljónum evra í lok tímabilsins sem er svo til engin breyting frá árslokum 2007.

Skuldir og eigið fé

Veltufjárskuldir námu alls 184,9 milljónum evra í lok tímabilsins, samanborið við 101,8 milljónir í árslok 2007. Þar af eru um 172,2 milljónir vegna afleiðna.

Innlán námu 1.119,0 milljónum evra í lok tímabilsins, samanborið við 1.268,3 milljónir í árslok 2007 og 860,7 milljónir í lok fyrsta ársfjórðungs. Aukin innlán frá fagfjárfestum og lánastofnunum skýra hluta aukningarinnar sem orðið hefur frá 31. mars síðastliðnum. Innlán svöruðu til 18,0% af heildareignum bankans og 56,7% af útlánnum í lok tímabilsins.

Lántökur námu 3.026,5 milljónum evra í lok tímabilsins og höfðu lækkað úr 3.778,5 milljónum í árslok 2007 og úr 4.876,7 milljónum í lok fyrsta fjórðungs yfirstandandi árs. Lækkunin skýrist að mestu leyti af sölu á skuldabréfum sem fjármögnuð höfðu verið með endurhverfum samningum.

Víkjandi lán námu 98,9 milljónum evra í lok tímabilsins, samanborið við 113,6 milljónir í árslok 2007. Lækkunin stafar ekki síst af gengislækkun íslensku krónunnar.

Aðrar skuldir ásamt tekjuskatti til greiðslu og tekjuskattsskuldbindingu námu 252,9 milljónum evra í lok tímabilsins, samanborið við 306,2 milljónir í árslok 2007. Tekjuskattur lækkaði úr 29,0 milljónum í árslok 2007 í 18,0 milljónir í lok annars ársfjórðungs, sem endurspeglar hagstæðar breytingar á skattalegri meðferð.

Eigið fé nam 1.518,6 milljónum evra í lok tímabilsins, samanborið við 1.568,5 milljónir í árslok 2007. Eigið fé hluthafa nam 1.504,9 milljónum, samanborið við 1.557,9 milljónir í árslok 2007. Stafar lækkunin af taprekstri á öðrum ársfjórðungi og breytingum á eignarhluta í eigin bréfum.

Eiginfjárhlutfall samkvæmt CAD reglum hafði í lok tímabilsins hækkað í 25,4% úr 23,7% í árslok 2007. Eiginfjárpáttur A var 23,2%, samanborið við 21,4% í árslok 2007. Hækkunin leiðir af því að ekki þarf að mæta sömu kröfum vegna markaðsáhættu af fjárfestingarstöðum og áður.

Hluthafar bankans í lok tímabilsins voru 21.007. Samson Global Holding SARL, stærsti hluthafi Straums, átti 34,31% í bankanum í lok tímabilsins. Samson er eini hluthafinn sem á stærri hlut en 10% í bankanum. Útgefið hlutfé bankans í lok tímabilsins var 10.359.144.971 að nafnvirði sem skiptist í jafnmarga hluti.

Afkoma tekjusviða

Straumur skiptir rekstri sínum í sjö tekjusvið. Tekjusviðin eru: Fyrirtækjasvið, Lánasvið, Markaðsviðskipti, Eigin viðskipti, Eignastýring, Fjárfestingarsvið og Fjárstýring.

Afkoma tekjusviðanna á fyrri helmingi ársins 2008 var sem hér segir:

Milljónir evra	Fyrirtækja-svið	Lánasvið	Markaðs-viðskipti	Eigin viðskipti	Eignastýring	Fjárfestingar-svið	Fjárstýring	Samstæða	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	(1,3)	29,7	(7,4)	1,6	2,6	(3,6)	25,6	-	47,1
Hreinar þóknunartekjur	23,0	16,1	16,3	(1,6)	3,4	0,2	(0,8)	-	56,7
Gengishagnaður	1,4	(4,3)	(2,7)	(53,8)	-	9,7	24,4	-	(25,1)
Aðrar tekjur	0,1	-	-	-	(0,4)	0,3	0,2	2,8	2,9
Rekstrartekjur	23,1	41,4	6,2	(53,7)	5,6	6,6	49,4	2,9	81,5
Rekstrarkostnaður	(11,5)	(7,8)	(20,1)	(6,7)	(7,5)	(1,2)	(5,8)	(1,5)	(62,0)
Virðisrýrnun	-	(15,4)	-	-	-	-	-	-	(15,5)
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélagi	-	-	-	-	-	0,2	-	-	0,2
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	11,6	18,2	(13,9)	(60,4)	(1,9)	5,6	43,6	1,5	4,3

Fyrirtækjasvið

Tekjusviðið skilaði 11,6 milljóna evra hagnaði fyrir skatta á fyrri helmingi ársins, samanborið við 34,1 milljón í hagnað á sama tímabili 2007. Rekstrartekjur á tímabilinu námu 23,1 milljón.

Rekstur tekjusviðsins kom út á sléttu á öðrum ársfjórðungi en 11,6 milljóna hagnaður varð á fyrsta ársfjórðungi. Rekstrartekjur námu 5,4 milljónum á öðrum ársfjórðungi, samanborið við 17,7 milljónir á fyrsta ársfjórðungi. Afkoman endurspeglar erfiðar markaðsaðstæður á sumum starfssvæðum. Neikvæðar vaxtatekjur skýrast af því að fjármögnunarkostnaði er nú skipt á tekjusvið með nákvæmari hætti en áður. Gengistap skýrist af niðurfærslu á verðmæti tiltekinna fjáreigna sem tilheyra Fyrirtækjasviði.

Fyrirtækjasvið – afkoma

<i>Milljónir evra</i>	H1 2008	H1 2007	Q2 2008	Q1 2008	Q4 2007	Q3 2007	Q2 2007
Hreinar vaxtatekjur	(1,3)	(5,9)	(3,8)	2,5	(0,4)	2,7	(2,2)
Hreinar þóknunartekjur	23,0	41,4	10,0	13,0	20,8	6,3	25,3
Gengishagnaður	1,4	10,9	(0,7)	2,1	2,0	(16,4)	20,5
Aðrar tekjur	0,1	-	-	0,1	0,1	16,0	(5,1)
Rekstrartekjur	23,1	46,4	5,4	17,7	22,6	8,6	38,5
Rekstrarkostnaður	(11,5)	(11,1)	(5,4)	(6,1)	(16,0)	(7,7)	(6,3)
Virðisrýrnun	-	(1,3)	-	-	0,5	(0,9)	(1,3)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	11,6	34,1	0,0	11,6	7,2	0,0	30,9

Lánasvið

Tekjusviðið skilaði 18,2 milljóna evra hagnaði fyrir skatta á fyrri helmingi ársins, samanborið við 18,5 milljónir á sama tímabili 2007. Rekstrartekjur hækkuðu um 30,2% miðað við sama tímabil árið áður og námu samtals 41,4 milljónum.

Hagnaður tekjusviðsins á öðrum ársfjórðungi var 14,0 milljónir fyrir skatta, samanborið við 4,2 milljónir á fyrsta ársfjórðungi. Rekstrartekjur á öðrum ársfjórðungi námu 25,3 milljónum, sem er umtalsvert hærra en á næstliðnum fjórðungum. Hreinar vaxtatekjur voru svipaðar og verið hefur, þóknunartekjur lækkuðu um 23,1% frá fyrsta ársfjórðungi, og engar umtalsverðar niðurfærslur urðu á fjáreignum á tímabilinu. Afkoma Lánasviðs markast þó meðal annars af virðisrýrnun sem skráð var vegna eigna sem tilheyra tekjusviðinu.

Lánasvið – afkoma

<i>Milljónir evra</i>	H1 2008	H1 2007	Q2 2008	Q1 2008	Q4 2007	Q3 2007	Q2 2007
Hreinar vaxtatekjur	29,7	23,9	15,2	14,5	14,2	19,1	13,0
Hreinar þóknunartekjur	16,1	7,2	7,0	9,1	7,3	7,3	2,1
Gengishagnaður	(4,3)	0,7	3,2	(7,5)	(0,9)	(0,3)	0,7
Rekstrartekjur	41,4	31,8	25,3	16,1	20,6	26,1	15,8
Rekstrarkostnaður	(7,8)	(7,2)	(3,2)	(4,6)	(5,8)	(3,8)	(4,5)
Virðisrýrnun	(15,4)	(6,1)	(8,0)	(7,4)	(9,0)	(3,4)	(3,3)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	18,2	18,5	14,0	4,2	5,8	18,9	8,0

Markaðsviðskipti

Tap tekjusviðsins á fyrri helmingi ársins nam 13,9 milljónum evra fyrir skatta, samanborið við 22,8 milljóna hagnað á sama tímabili 2007.

Á heildina litið urðu jákvæð umskipti í rekstri þessa tekjusviðs á öðrum ársfjórðungi. Tap fyrir skatta minnkaði í 1,5 milljónir en það nam 12,4 milljónum á fyrsta ársfjórðungi og 27,2 milljónum á fjórða ársfjórðungi 2007. Rekstrartekjur námu 7,9 milljónum evra en höfðu verið neikvæðar næstu tvo ársfjórðunga á undan. Þóknunartekjur af verðbréfamiðlun voru í takt við fyrri ársfjórðunga þrátt fyrir óvissu á mörkuðum og fjárfestingar skiluðu 1,1 milljón í gengishagnað eftir tap þrjá ársfjórðunga í röð. Verðbréfamiðlun Wood og eQ skilaði hvor um sig hagnaði á ársfjórðungnum.

Markaðsviðskipti – afkoma

<i>Milljónir evra</i>	H1 2008	H1 2007	Q2 2008	Q1 2008	Q4 2007	Q3 2007	Q2 2007
Hreinar vaxtatekjur	(7,4)	2,2	(0,7)	(6,7)	(7,7)	(2,3)	2,2
Hreinar þóknunartekjur	16,3	20,6	7,6	8,7	6,7	9,9	10,6
Gengishagnaður	(2,7)	6,4	1,1	(3,8)	(9,8)	(2,8)	6,4
Aðrar tekjur	-	-	(0,1)	0,1	-	-	-
Rekstrartekjur	6,2	29,3	7,9	(1,7)	(10,7)	4,8	19,3
Rekstrarkostnaður	(20,1)	(6,5)	(9,4)	(10,7)	(16,5)	(7,4)	(5,6)
Virðisýrnun	-	-	0,1	(0,1)	-	-	-
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarféлага	-	-	(0,1)	0,1	-	-	-
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	(13,9)	22,8	(1,5)	(12,4)	(27,2)	(2,6)	13,7

Eigin viðskipti

Tap tekjusviðsins á fyrri helmingi ársins nam 60,4 milljónum evra fyrir skatta, samanborið við 66,6 milljóna hagnað á sama tímabili 2007. Tapið á öðrum ársfjórðungi nam 44,0 milljónum evra. Eins og áður er getið stafar tapið af sölu á nokkrum fjárfestingum sem stóðu ekki undir væntingum.

Eigin viðskipti – afkoma

<i>Milljónir evra</i>	H1 2008	H1 2007	Q2 2008	Q1 2008	Q4 2007	Q3 2007	Q2 2007
Hreinar vaxtatekjur	1,6	(9,2)	0,1	1,5	1,4	0,7	(3,6)
Hreinar þóknunartekjur	(1,6)	(0,3)	(0,4)	(1,2)	(0,3)	-	(0,1)
Gengishagnaður	(53,8)	79,1	(41,3)	(12,5)	(33,1)	29,6	20,5
Aðrar tekjur	-	-	-	-	-	-	-
Rekstrartekjur	(53,7)	69,6	(41,4)	(12,3)	(31,9)	30,3	16,7
Rekstrarkostnaður	(6,7)	(2,9)	(2,5)	(4,2)	(4,1)	(2,0)	(1,7)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	(60,4)	66,6	(44,0)	(16,4)	(36,0)	28,3	15,0

Eignastýring

Tekjusviðið skilaði 1,9 milljóna evra tapi fyrir skatta á fyrri helmingi ársins, samanborið við 0,4 milljóna hagnað á sama tímabili 2007.

Á öðrum ársfjórðungi varð 0,5 milljóna tap, samanborið við 1,4 milljóna tap á fyrsta ársfjórðungi. Rekstrartekjur námu 2,9 milljónum á öðrum ársfjórðungi en 2,7 milljónum á fyrsta ársfjórðungi. Umsýsluþóknarnir hafa lækkað frá 2007 samhliða versnandi markaðsaðstæðum.

Eignastýring – afkoma

<i>Milljónir evra</i>	H1 2008	H1 2007	Q2 2008	Q1 2008	Q4 2007	Q3 2007	Q2 2007
Hreinar vaxtatekjur	2,6	0,6	1,3	1,3	2,2	2,0	0,6
Hreinar þóknunartekjur	3,4	1,1	2,0	1,4	2,4	2,3	1,1
Gengishagnaður	-	0,1	-	-	(0,7)	(0,9)	0,1
Aðrar tekjur	(0,4)	0,3	(0,4)	-	-	(0,3)	0,3
Rekstrartekjur	5,6	2,1	2,9	2,7	4,0	3,2	2,1
Rekstrarkostnaður	(7,5)	(1,7)	(3,4)	(4,1)	(1,9)	(2,7)	(1,7)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	(1,9)	0,4	(0,5)	(1,4)	2,1	0,5	0,4

Fjárfestingarsvið

Hagnaður tekjusviðsins á fyrri helmingi ársins nam 5,6 milljónum evra fyrir skatta, þar af varð 12,6 milljóna tap á öðrum ársfjórðungi en 18,2 milljóna hagnaður á fyrsta ársfjórðungi. Tapið á öðrum ársfjórðungi liggur einkum í umtalsverðri niðurfærslu á verðmæti tiltekinna eigna (meðal annars Netia og Landsbankanum eins og áður er getið) þótt hagnaður hafi einnig komið á móti, og að hluta til verið innleystur, af öðrum eignum (svo sem Tanganyika Oil).

Fjárfestingarsvið – afkoma

<i>Milljónir evra</i>	H1 2008	H1 2007	Q2 2008	Q1 2008	Q4 2007	Q3 2007	Q2 2007
Hreinar vaxtatekjur	(3,6)	(3,2)	(2,9)	(0,7)	1,1	1,4	(2,5)
Hreinar þóknunartekjur	0,2	4,1	0,2	-	-	(4,1)	4,1
Gengishagnaður	9,7	44,2	(10,3)	20,0	16,2	(47,4)	43,7
Aðrar tekjur	0,3	-	0,1	0,2	(0,1)	0,2	-
Rekstrartekjur	6,6	45,1	(12,9)	19,5	17,3	(50,0)	45,4
Rekstrarkostnaður	(1,2)	(3,8)	0,8	(2,0)	0,2	2,7	(3,8)
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaganna	0,2	-	(0,4)	0,6	-	-	-
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	5,6	41,4	(12,6)	18,2	17,5	(47,2)	41,7

Fjárstýring

Hagnaður tekjusviðsins á fyrri helmingi ársins nam 43,6 milljónum evra fyrir skatta, samanborið við 7,9 milljónir á sama tímabili árið 2007.

Hagnaðurinn á öðrum ársfjórðungi nam 23,6 milljónum, samanborið við 20,0 milljónir á fyrsta ársfjórðungi. Bankinn hefur þann hátt á að færa á tekjusviðin ávöxtun á frjálsa fjárbindingu (e. economic capital) sem nýtt er á þeirra vegum. Hreinar vaxtatekjur Fjárstýringar endurspeglar ávöxtun af því fjármagni bankans sem ekki er nýtt. Gengishagnaður felur meðal annars í sér hagnað af áhættuvörnum og gjaldeyrishagnað, en gjaldeyrishagnaður var minni á öðrum ársfjórðungi en þeim fyrsta þar sem gengi íslensku krónunnar gagnvart evru hreyfðist aðeins um 4% á fjórðungnum samanborið við 23% á fyrsta fjórðungi.

Fjárstýring – afkoma

<i>Milljónir evra</i>	H1 2008	H1 2007	Q2 2008	Q1 2008	Q4 2007	Q3 2007	Q2 2007
Hreinar vaxtatekjur	25,6	11,1	14,7	10,9	12,5	1,0	0,8
Hreinar þóknunartekjur	(0,8)	(1,0)	(0,5)	(0,3)	(0,2)	(0,4)	(0,2)
Gengishagnaður	24,4	5,5	11,9	12,5	19,4	2,9	9,0
Aðrar tekjur	0,2	-	0,2	-	-	-	-
Rekstrartekjur	49,4	15,6	26,3	23,1	31,6	3,5	9,6
Rekstrarkostnaður	(5,8)	(7,8)	(2,7)	(3,1)	(0,5)	(3,4)	(5,1)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	43,6	7,9	23,6	20,0	32,1	0,1	4,6

Fjögurra ára yfirlit

Milljónir evra	H1 2008	2007	2006	2005
Rekstrarreikningur				
Hreinar vaxtatekjur	47,1	68,8	42,5	(3,2)
Hreinar þóknunartekjur	56,7	131,3	84,4	25,0
Gengishagnaður	(25,1)	111,4	392,3	411,6
Aðrar tekur	2,9	18,5	9,4	-
Rekstrartekjur	81,5	330,0	528,6	433,5
Rekstrarkostnaður	(62,0)	(118,9)	(44,1)	(16,7)
Virðisrýrnun	(15,5)	(20,2)	(11,8)	(4,9)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	4,3	190,9	472,7	411,9
Tekjuskattur	16,6	(28,0)	42,7	(69,9)
Hagnaður (tap)	20,8	162,9	515,4	341,9
Hagnaður hluthafa	18,3	158,3	511,6	340,6
Hlutdeild minnihluta	2,6	4,7	3,8	1,3
Efnahagsreikningur				
Eignir				
Veltufjáreignir	541,7	1.056,4	945,2	1.234,7
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	1.044,7	923,9	644,7	1.175,9
Útlán og handbært fé	2.865,7	3.838,5	2.046,2	803,1
Aðrar eignir	1.748,7	1.318,1	721,6	258,1
Eignir samtals	6.200,9	7.136,9	4.357,8	3.471,8
Skuldir og eigið fé				
Innlán	1.119,0	1.268,3	-	-
Lántaka	3.026,5	3.778,5	2.572,8	1.628,6
Aðrar skuldir	536,8	521,6	291,0	305,5
Eigið fé	1.518,6	1.568,5	1.494,0	1.537,7
Skuldir og eigið fé samtals	6.200,9	7.136,9	4.357,8	3.471,8

Helstu kennitölur

	H1 2008	2007	2006	2005
Arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli (%)	2,7	11,3	42,0	46,5
Þynntur hagnaður á hlut (evrur)	0,002	0,017	0,051	0,045
V/H hlutfall (P/E)	43,76	10,3	3,9	4,6
V/I hlutfall (P/B)	0,517	1,02	1,18	1,42
Kostnaðarhlutfall (%)	76,1	36,0	8,3	3,9
Fjöldi starfsmanna	521	486	109	52
Gengi hlutabréfa í lok tímabils	9,9	15,1	17,4	15,9
Eiginfjárhlutfall (CAD) (%)	25,4	23,7	37,6	19,8
Eiginfjárbáttur A (%)	23,2	21,4	35,2	15,3
Vöxtur lánasafns (%)	7,5*	78,4	161,3	93,0
Útlán / Eignir (%)	31,8	33,8	31,0	18,9
Framlag á afskriftarreikning (%)	2,04	1,25	1,18	-
Gengi				
ISK/EUR fyrir hagnað/tap; meðalgengi tímabilsins	109,14	87,79	87,72	78,14
ISK/EUR fyrir efnahagsreikning; gengi í lok tímabilsins	124,30	91,91	94,61	74,70

*Leiðrétt fyrir Alpstar

Horfur

Enn ríkir óvissa á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og blíkur eru á lofti í lykilhagkerfum. Straumur er hins vegar vel í stakk búinn til að standa þetta ástand af sér, enda hefur bankinn aukið við þjónustuframboð sitt, stækkað starfssvæðið, breikkað fjármögnunargrunninn, dregið úr áhættu efnahagsreikningsins og staðið vörð um fjárhagslegan styrkleika sinn. Meðal þess árangurs sem náðst hefur á fyrri helmingi ársins er að tekjur af þjónustu við viðskiptamenn hafa aukist frá fyrra ári, Straumur Capital Management hefur verið komið á fót, lagður hefur verið grunnur að eignastýringu í Danmörku, ráðist hefur verið í kostnaðaraðhald, Fitch Ratings staðfesti lánshæfismat bankans, og fjármögnun bankans hefur gengið vel.

Á þriðja ársfjórðungi munum við halda áfram að efla stöðuga tekjustofna bankans, viðhalda fjárhagslegum styrk okkar og byggja upp starfsemina með það fyrir augum að geta gripið ný tækifæri. Þetta munum við gera með því að efla tekjusviðin, ná fram betri samlegð innan samstæðunnar, nýta betur þá möguleika sem felast í stærra starfssvæði, ekki síst í ört vaxandi hagkerfum Mið- og Austur-Evrópu, fullmóta þá nýju starfsemi sem drög hafa verið lögð að, halda uppi kostnaðaraðhaldi og draga enn frekar úr áhættu efnahagsreikningsins.

Fjármögnun og lausafjárstaða

Bankinn hélt áfram að breikka fjármögnunargrunninn á fyrri helmingi ársins, bæði hvað varðar fjármögnunarleiðir og landfræðilega skiptingu, með því að semja um fjármögnun að andvirði samtals 475 milljónir evra. Um er að ræða sambankalán og nokkra tvíhliða lánasamninga. Sambankalánið, sem skrifað var undir 27. maí 2008, var að fjárhæð 180 milljónir evra. Það er í tveimur hlutum; 70 milljónir til eins árs með 110 punkta álagi á Euribor vexti og 110 milljónir til þriggja ára með 180 punkta álagi á Euribor vexti. Umsjónarbankar lánsins voru Bayern LB, Commerzbank, HSH Nordbank og RZB. Tíu bankar í fimm löndum tóku þátt í láninu. Bankinn gerði einnig tvíhliða lánasamninga við nokkra aðila, samtals að fjárhæð 295 milljónir evra, og er lánstíminn eitt til fimm ár. Innlán eru mikilvægur liður í fjármögnun bankans. Innlán jukust um 30% á öðrum ársfjórðungi auk þess sem tekið var við innlánum á fleiri starfssvæðum en áður. Við lok tímabilsins var hlutdeild annarra landa en Íslands í fjármögnun bankans 61%.

Lausafjárstaðan er sterk, hvort sem litið er til samstæðunnar allrar eða eingöngu Straums-Burðaráss fjárfestingabanka. Áætlanir sýna að bæði bankinn og samstæðan hafa nægt lausafé til að standa við skuldbindingar í meira en eitt ár. Samkvæmt álagsprófum þar sem miðað er við þrengri forsendur en áætlanir segja til um var bankinn hinn 29. júlí fjármagnaður í 215 daga og samstæðan í 365 daga.

Lánshæfismat

Fitch Ratings staðfesti lánshæfiseinkunn Straums 2. apríl 2008: langtímaeinkunn BBB-, skammtímaeinkunn F3, óháð einkunn C/D, stuðningseinkunn 3, langtímahorfur stöðugar.

Aðrar upplýsingar

Endurskoðun

Árshlutareikningurinn fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2008 hefur verið áritaður af endurskoðendum bankans, KPMG Endurskoðun hf.

Starfsmenn

Starfsmenn samstæðunnar í lok ársfjórðungsins voru 521.

Upplýsingagjöf

Straumur kappkostar að veita markaðsaðilum áreiðanlegar, réttar og viðeigandi upplýsingar án tafar, á fréttaveitu OMX Nordic Exchange á Íslandi, á vef bankans, í fjölmiðlum og í samskiptum við hluthafa, fjárfesta og greiningaraðila bæði á Íslandi og erlendis. Markmið bankans er að tryggja öllum sem hagsmuna eiga að gæta aðgang að nákvæmum og réttum upplýsingum um starfsemi sína og verkefni.

Uppgjörskynning í Reykjavík

Kynningarfundur verður haldinn fyrir hluthafa og markaðsaðila miðvikudaginn 30. júlí 2008 á Hilton Reykjavík Nordica að Suðurlandsbraut 2. Forstjóri og fjármálastjóri Straums fjárfestingabanka kynna afkomu bankans og svara spurningum. Kynningin verður á ensku. Hægt verður að fylgjast með fundinum í beinni útsendingu á vef bankans, www.straumur.com/webcast. Eftir fundinn verður hægt að nálgast kynningarefni á vef Straums, www.straumur.com, og á vef OMX Nordic Exchange á Íslandi, www.omxnordicexchange.is.

Fundurinn hefst klukkan 9.30 árdegis en boðið verður upp á léttar veitingar frá klukkan 9:00.

Dagskrá:

9:00 Boðið upp á léttan hádegisverð

9:30 William Fall forstjóri og Stephen Jack fjármálastjóri kynna afkomu bankans og svara spurningum

10:30 Fundarlok

Fundarstjóri: Georg Andersen, forstöðumaður Samskipta- og markaðssviðs.

Nánari upplýsingar

Þeim sem óska eftir nánari upplýsingum um niðurstöður uppgjörins er bent á að hafa samband við Stephen Jack fjármálastjóra í síma +44 7885 997570 eða Georg Andersen forstöðumann Samskipta- og markaðssviðs í síma 585 6707, eða senda fyrirspurn á netfangið ir@straumur.net. Upplýsingar um Straum er einnig að finna á vef bankans, www.straumur.com.

Fyrirhuguð birting

Ráðgert er að birta árshlutauppgjör ársins 2008 sem hér segir:

Þriðji ársfjórðungur:	5. nóvember 2008
Fjórði ársfjórðungur:	3. febrúar 2009